SÖLUFULLTRÚAR
Viðar Ingi Pétursson vip@365.is 512 5426
Hrannar Helgason hrannar@365.is 512 5441

Allar atvinnuauglýsingar vikunnar á **visir.is**

H.F. VERÐBRÉF

# Sérfræðingur í verðbréfamiðlun

H.F. Verðbréf leita að metnaðarfullum sérfræðingi í verðbréfamiðlun. Um er að ræða krefjandi, ábyrgðarfullt og spennandi starf fyrir réttan aðila sem hefur framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og brennandi áhuga á fjármálamörkuðum.

Starfssvið
- Miðlun skuldabréfa og hlutabréfa
- Greining viðskiptatækifæra á markaði
- Kynningar til fjárfesta og öflun viðskiptavina

Hæfniskröfur
- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Próf í verðbréfaviðskiptum æskilegt
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Skipulögð og vönduð vinnubrögð
- Reynsla af fjármálamarkaði æskileg

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Fullum trúnaði heitið.

Umsækjendur sendi starfsumsókn og ferilskrá á netfangið adrian@hfverdbref.is.

Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí.

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður markaðsviðskipta H.F. Verðbréfa.

**Adrian Sabido**
adrian@hfverdbref.is



Þörungaverksmiðjan hf.

*Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum sækir þang- og þara í Breiðafjörðinn og framleiðir mjöl af háum gæðum. Nýting sjávargróðurs er vottuð sem sjálfbær og vinnsla og afurðir eru lífrænt vottaðar. Ársverk eru um 20 í verksmiðju og á skipi félagsins auk verktaka á slátturprömmum þess. Ársvelta er um 500milljónir kr. Afurðir eru að langmestu leyti fluttar út og m.a. nýttar til framleiðslu fóðurbætis, áburðar og snyrtivara auk alginats sem notað er í matvæla- og lyfjaframleiðslu. Þörungaverksmiðjan er að stærstum hluta í eigu FMC Health and Nutrition (71%) og Byggðastofnunar (28%). Rekstur Þörungaverksmiðjunnar hefur gengið vel og er fyrirhugað að efla hann frekar á komandi árum. Á Reykhólum er mikil náttúrufegurð. Þar er m.a. grunnskóli, leikskóli, heilsugæsla, dvalarheimili, verslun, sundlaug, bókasafn og önnur þjónusta.*

# Framleiðslustjóri

Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum óskar eftir að ráða framleiðslustjóra. Framleiðslustjóri hefur yfirumsjón með framleiðslu og búnaði verksmiðjunnar og gegnir mikilvægu hlutverki varðandi strangar kröfur um öryggi og umhverfismál.

## Helstu verkefni

- Öryggi starfsmanna og velferð og áhersla á umhverfismál eru alger forgangsatriði og þar gegnir framleiðslustjóri lykilhlutverki
- Stöðugar umbætur í öryggismálum, framleiðslu og gæðum vöru og þjónustu
- Eftirfylgni áætlana um framleiðni og kostnað
- Samskipti við viðskiptavini og hagsmunaaðila
- Aðkoma að rekstri  og viðhaldi á þróun gæða- og stjórnkerfa
- Annast árangursstjórnun og mælingar á árangri
- Áætlanagerð, þ.m.t. fjárhagsáætlanir sem stuðla að góðri nýtingu fjármuna, hráefna og starfskrafta
- Umsjón með birgða- og eignastöðu

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum og lipurð í samskiptum
- Áhugi og þekking á gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnun á vinnustað
- Gott vald á ritaðri og talaðri ensku og íslensku
- Viðkomandi þarf að vera framsækinn, árangursmiðaður og sjálfstæður, sýna frumkvæði og hafa áræði til að takast á við krefjandi stjórnunarstarf hjá traustu og vel reknu fyrirtæki

**Í boði er áhugavert og krefjandi starf í fallegu umhverfi Reykhóla með góðum kjörum og húsnæði.**

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**).
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf á íslensku og ensku.
Umsóknarfrestur er til og með 19. júlí 2015. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir  sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

## — VERSLUNARSTJÓRI —

**Vegna aukinna umsvifa óskar Geysir eftir að ráða öflugan einstakling í starf verslunarstjóra í Reykjavík. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er ábyrgur í starfi.**

Starfssvið:

*Ábyrgð á rekstri verslunar*
*Umsjón með útliti og framsetningu verslunar*
*Starfsmannamál*
*Birgðaumsjón, vörupantanir og uppgjör*
*Þjónusta og samskipti við viðskiptavini*

Hæfniskröfur:

*Reynsla af verslunarstjórn og mannaforráðum er kostur*
*Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð*
*Góð tölvukunnátta er nauðsynleg*
*Tungumálakunnátta*
*Jákvætt viðmót og rík þjónustulund*
*Framúrskarandi samskiptahæfileikar*

**Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.**

Nánari upplýsingar veitir Katrín Ólöf Egilsdóttir (katrin.egilsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

GEYSIR

---

**Icewear leitar eftir jákvæðu, ábyrgðarfullu og kraftmiklu starfsfólki sem hefur gaman af mannlegum samskiptum, flottri hönnun og sölumennsku**

## Verslunarstjóri

**Icewear óskar eftir að ráða verslunarstjóra til starfa. Verslunin er staðsett í miðbæ Reykjavíkur.**

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af verslunarstörfum nauðsynleg
- Reynsla af verslunarstjórn æskileg
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvu- og enskukunnátta
- Gott auga fyrir útstillingum

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast á rafrænu formi á netfangið: fridrik@icewear.is merkt **verslunarstjóri fyrir 1. júlí.**

Umsóknum er ekki svarað í síma.

Um Icewear: Icewear var stofnað 1972 og starfaði lengst af í ullariðnaði. Á undanförum árum hefur fyrirtækið þróað útvistarlínu sem er seld í verslunum í Evrópu og Norður Ameríku undir vörumerkjunum Icewear og Norwear. Víkurprjón er nú í eigu fyrirtækisins og framleiðum við þar íslenskt hannaðar ullarvörur.

---

» Ráðningarþjónusta

## Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!



**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

FLÓAHREPPUR Krakkaborg

**– Tækifæri fyrir metnaðarfullan einstakling -**

## Leikskólastjóri í Krakkaborg

**umsóknarfrestur til 5. júlí 2015**

**Flóahreppur auglýsir eftir leikskólastjóra við leikskólann Krakkaborg.**

Um er að ræða 100% starf. Laun og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Leikskólinn Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli sem þjónar um 45 börnum frá 9 mánaða aldri til 6 ára aldurs. Starfsemi leikskólans fer fram í nýju, mjög rúmgóðu húsnæði í Þingborg við Suðurlandsveg.

Leitað er að starfsmanni með leikskólakennaramenntun eða aðra uppeldismenntun og reynslu af starfi innan leikskóla. Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2015

**Gerð er krafa um:**
- Leikskólakennaramenntun eða aðra uppeldismenntun.
- Menntun og/eða reynslu af stjórnun og rekstri sbr. 10. gr. laga nr. 87/2008.
- Góða skipulagshæfileika.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

**Starfssvið:**
- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri.
- Faglega forysta.
- Ráðningar og stjórnun starfsfólks.
- Vinna með starfsfólki að markmiðum leikskólans.

**Lögð er áhersla á :**
- Að börnin þroskist og dafni í í leik og starfi.
- Að börnin fái verkefni við hæfi hvers og eins.
- Gott samstarf og samvinnu við forráðamenn og íbúa sveitarfélagsins.
- Gott samstarf við grunnskóla sveitarfélagsins, Flóaskóla.

Frekari upplýsingar veita sveitarstjóri Flóahrepps, Eydís Þ. Indriðadóttir í síma 480 4370, netfang: floahreppur@floahreppur.is og leikskólastjóri Sigríður Birna Birgisdóttir í síma 780 5334 , netfang: siggabirna@floahreppur.is

Umsóknum skal skila fyrir 5. júlí 2015, á skrifstofu sveitarfélagsins, Þingborg, 801 Selfoss, eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is. Umsóknir skulu merktar **"Leikskólastjóri"**

SÓLVANGUR

# Sólvangur – Framkvæmdastjóri hjúkrunar

Sólvangur leitar að öflugum og metnaðarfullum hjúkrunarfræðingi í starf framkvæmdastjóra hjúkrunar. Um er að ræða krefjandi starf (100% starfshlutfall) þar sem reynir á frumkvæði, öguð vinnubrögð og mikla færni í mannlegum samskiptum.

**Starfssvið**
- Fagleg ábyrgð á hjúkrunarþjónustu
- Almenn stjórnun
- Þátttaka í klíniskri vinnu
- Yfirumsjón með innlögnum
- Samskipti við aðstandendur
- Umsjón með innkaupum á hjúkrunarvörum
- Ábyrgð og eftirfylgni með rekstraráætlun

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í hjúkrunarfræði er skilyrði
- Viðbótarnám í stjórnun eða reynsla af stjórnun er æskileg
- Reynsla af öldrunarhjúkrun er æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og uppbyggilegt viðmót
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti
- Frumkvæði og faglegur metnaður til að ná árangri í starfi
- Lausnamiðuð nálgun við úrlausn verkefna

Sólvangur er rótgróið hjúkrunarheimili í hjarta Hafnarfjarðar. Þar búa 58 íbúar og 8 einstaklingar koma til dagdvalar virka daga. Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa lýst yfir áhuga á að byggja við Sólvang og þannig efla og styrkja starfsemina til frambúðar.

**Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

LÍFEYRISSJÓÐUR BANKAMANNA

# Framkvæmdastjóri

Lífeyrissjóður bankamanna óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn stjóðsins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. september 2015.

**Starfssvið**
- Yfirumsjón með rekstri sjóðsins
- Stefnumótun í samráði við stjórn
- Framkvæmd fjárfestingastefnu sjóðsins og ábyrgð á ávöxtun eigna hans
- Áætlunargerð og eftirfylgni
- Samskipti við opinberar stofnanir, aðra lífeyrissjóði og samstarfsaðila
- Upplýsingagjöf til stjórnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í viðskipta-, hag- eða lögfræði skilyrði
- Löggilding í verðbréfaviðskiptum skilyrði
- Reynsla af stjórnun starfsmanna
- Víðtæk þekking á starfsemi lífeyrissjóða
- Leiðtogahæfni, mikil hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að leiða mál til lykta

Um framtíðarstarf er að ræða fyrir réttan einstakling – konur jafnt sem karlar eru hvattar til þess að sækja um starfið.

Lífeyrissjóður bankamanna hefur það hlutverk að sjá sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum fyrir lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykkta sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn er sjálfstæð stofnun með eigin stjórn og undir opinberu eftirliti, eins og aðrir lífeyrissjóðir landsins. Deildir sjóðsins eru tvær, Hlutfallsdeild og Aldursdeild. Allir starfsmenn aðildarfyrirtækja sjóðsins, sem náð hafa 16 ára aldri, skulu vera sjóðfélagar og greiða iðgjöld til sjóðsins meðan þeir starfa hjá viðkomandi fyrirtæki.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent


# Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

## Verslunin Marta Jónsson óskar eftir starfskrafti í Kringluna

**Starfshlutfall er uþb. 75 %.**

Vinnutími er mán-fim 14-18:30, fös 14-19:00 og annan hvern laugardag 10-18, möguleiki á meiri aukavinnu ef óskað er .

Umsækjandi þarf að hafa jákvætt viðmót og brennandi áhuga á sölumennsku og ekki verra ef viðkomandi er með reynslu af verslunarstörfum. Þarf að geta hafið störf í ágúst eða sem fyrst.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn, ásamt ferilskrá með mynd á netfangið mjkringlan@gmail.com merkt "UMSÓKN"

**Umsóknarfrestur er til og með föstudagsins 3 júlí.**

MARTA JÓNSSON

---

Akraneskaupstaður

## Laus störf hjá Akraneskaupstað

Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar:

- Starf verkefnastjóra á skipulags- og umhverfissviði
- Störf leikskólakennara í Leikskólunum Akra- og Teigaseli
- Starf við íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar
- Starf þroskaþjálfa/iðjuþjálfa í Brekkubæjarskóla

Sótt er um rafrænt á heimasíðu Akraneskaupstaðar á þar til gerðu eyðublaði

Nánari upplýsingar að finna á www.akranes.is

SKESSUHORN 2015

---




**Stay Apartments** er framsækið fyrirtæki með valinn mann í hverju rúmi. **Vinnutími er frá 9-17 virka daga.** Viðkomandi þarf að hafa reynslu í þrifum, vera sjálfstæður, stundvís og drífandi einstaklingur. Ef þú ert rétti aðilinn þá endilega sendið okkur umsókn ásamt ferilskrá á **halldor@stay.is.**

**Stay Apartments** is an apartment hotel with ambitious employees. **Work hours are 9-17 week days.** If you are an ambitious, independent, punctual, and empowering individual then please send us your CV to **halldor@stay.is.**

EINHOLT 2 | 105 REYKJAVÍK | STAY@STAY.IS | STAY.IS

---

HEILSUGÆSLAN



## Svæðisstjórar heilsugæslustöðva

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus til umsóknar störf svæðisstjóra heilsugæslustöðvanna í Glæsibæ, Grafarvogi og Mjódd. Svæðisstjórar munu jafnframt gegna samhliða starfi fagstjóra hjúkrunar eða fagstjóra lækninga samkvæmt nýju skipulagi.

Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

**Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí 2015.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er hafin breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

### *Helstu viðfangsefni og ábyrgð:*

- Ber ábyrgð á rekstri heilsugæslustöðvar gagnvart framkvæmdastjórn
- Skipuleggur heilsugæsluþjónustu í umdæmi stöðvar
- Þróar nýjungar og vinnur að breytingum í starfsemi
- Mótar, innleiðir og endurskoðar verkferla
- Byggir upp og styður við teymisvinnu og þverfaglegt samstarf
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Stuðlar að gæðaþróun og árangursmati í starfi stöðvar
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur, þjónustu og áherslur í starfsemi stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi eins og aðstæður leyfa

### *Menntunar- og hæfnikröfur:*

- Hjúkrunarfræðingur eða sérfræðingur í heimilislækningum
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Reynsla af þróunarstarfi og breytingastjórnun æskileg
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

### *Aðrir eiginleikar:*

- Vilji til að veita framúrskarandi þjónustu og efla heilbrigði íbúa svæðisins
- Áhugi og hæfni til að leiða þverfaglegt starf heilsugæslunnar
- Áhugi og hæfni til að nýta aðferðafræði straumlínustjórnunar
- Vilji til að skapa gott starfsumhverfi

### *Nánari upplýsingar:*

- Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. október nk. eða eftir nánara samkomulagi
- Upplýsingar veitir Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri í síma 585-1300
- Allar umsóknir lækna verða sendar til stöðunefndar hjá Landlæknisembættinu
- Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum
- Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar í störf
- Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.

Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

PORT hönnun

---

## Lífsglaður og jafnréttissinnaður

## Leikskólakennari

Leikskólinn Ásar í Garðabæ auglýsir eftir körlum og konum til starfa, leikskólakennurum eða fólki með aðra uppeldismenntun.

Við leitum að jákvæðum einstaklingum sem eru tilbúnir að tileinka sér starfshætti Hjallastefnunnar af metnaði, gleði og kærleika. Viðkomandi þarf að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og hafa brennandi áhuga á jafnrétti og lýðræði í leikskólastarfi.

*Skólar Hjallastefnunnar starfa að sameiginlegum markmiðum eftir sömu hugmyndafræði en sjálfstæði hvers skóla er mikið. Jafnréttisuppeldi, skapandi hugsun, félagsþjálfun og einstaklingsstyrking eru inniviðir hugmyndafræðinnar sem við teljum að geti skipt sköpum í þroska komandi kynslóða.*

Um er að ræða framtíðarstörf. Áhugasamir hafi samband við Gróu M. Finnsdóttur leikskólastjóra á asar@hjalli.is eða í síma 869 6526

---



## Spennandi starf hjá Fjarðabyggð

### Fjölskyldusvið

**Skólastjóri Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar**

Umsóknarfrestur er til og með 5. júlí.

Nánari upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á vef sveitarfélagsins, fjardabyggd.is.

Umsóknareyðublöð má einnig nálgast í afgreiðslu bæjarskrifstofunnar Hafnargötu 2, Reyðarfirði og í þjónustugáttum bókasafna.

Öll laus störf hjá Fjarðabyggð eru auglýst á vef sveitarfélagsins.

Fjarðabyggð er fjölmennasta sveitarfélag Austurlands með um 4.700 íbúa. Hjá sveitarfélaginu starfa liðlega 450 manns, þar af rúmur helmingur hjá leik- og grunnskólum. Í skólum Fjarðabyggðar ríkir góður starfsandi og er samstarf gott á milli þeirra og annarra mennta- og fræðslustofnana í sveitarfélaginu. Bæjar- og byggðakjarnar í Fjarðabyggð eru Brekkuþorp í Mjóafirði, Neskaupstaður í Norðfirði, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is




## STÖRF Í BOÐI

- » Sölustjóri á Norðurlandi
- » Söluráðgjafi í heildsölu
- » Söluráðgjafi í lausnasölu
- » Gagnagrunnssérfræðingur

Nánari upplýsingar á **nyherji.is/atvinna**

**Bæði kyn eru hvött til að sækja um starfið.**

BORGARTÚNI 37
SÍMI 569 7700
WWW.NYHERJI.IS

NÝHERJI

**www.vinna.is**

vinna.is
sími: 511 1144

Umboðsmaður skuldara

## Fjármálastjóri

### Embætti umboðsmanns skuldara auglýsir til umsóknar lausa stöðu fjármálastjóra

Starfs- og ábyrgðarsvið:

* Rekstrarstjórn embættisins
* Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
* Yfirumsjón með bókhaldi
* Þróun og stjórnun mannauðsmála
* Yfirumsjón með rekstri upplýsingatækni

Menntunar- og hæfniskröfur:

* Háskólamenntun á sviði viðskipta
* Marktæk reynsla af fjármálastjórnun og mannauðsmálum
* Marktæk þekking og reynsla af bókhaldi
* Góð Excel-kunnátta er skilyrði
* Reynsla og þekking af Orra fjárhags- og mannauðskerfi er kostur
* Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
* Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur** er til og með 12. júlí nk. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár og meðfylgjandi gögn til STRÁ netfangið: **stra@stra.is**. Gengið verður frá ráðningu sem fyrst.

**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ Starfsráðningum ehf.** veitir nánari upplýsingar um starfið í síma 588 3031, en símaviðtalstími er frá kl.13-15 alla virka daga. Sjá nánar **www.stra.is**.

STRÁ

CARBON RECYCLING INTERNATIONAL

# Efnaverkfræðingur/Chemical Engineer

## Efnaverkfræðingur

**Carbon Recycling International, CRI ehf, auglýsir eftir efnaverkfræðingi með sérhæfingu í hönnun framleiðsluferla til starfa á verkfræði- og verkefnasviði fyrirtækisins.**

**Helstu verkefni:**

Hönnun framleiðslueininga- og ferla. Bestun framleiðslueininga- og ferla m.t.t. Nýtni og kostnaðar. Sköpun og uppfærslu ferilflæðirita (PFD), ferilupplýsingablaða (PDS) og lagna- og tækjarita (P&ID). HAZOP greiningar. Innkaup, þ.m.t. Skoðanir og prófanir við afhendingu og eftir uppsetningu tækjabúnaðar (FAT/SAT) ásamt gerð innkaupabeiðna og þátttöku í samningagerð. Verkefnisgátt, þ.m.t. gerð verkbeiðna. Vinna við gerð verkferla tengda gæðatryggingu, skjalameðhöndlun og rekstur.

**Hæfniskröfur**

Meistaragráða í efnaverkfræði með sérhæfingu í hönnun framleiðsluferla (process engineering).
Starfsreynsla úr atvinnulífinu vegur þungt, þ.m.t. reynsla af vinnu í þverfaglegum verkefnateymum.

Starfið heyrir undir yfirmann verkfræði- og verkefnasviðs. Staðsetning er í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Borgartúni 27, Reykjavík ásamt mögulegra skemmri dvala í verksmiðju fyrirtækisins í Svartsengi í Grindavík sem og erlendis.

## Chemical Engineer

**Carbon Recycling International seeks a chemical engineer with specialisation in process engineering to join the team of Engineering & Projects.**

**Most important tasks of the job:**

Design unit operations and processes. Optimise unit operations and processes in terms of efficiency and economy (Capex/Opex). Create and update process flow diagrams (PFD), process data sheets (PDS), and piping and instrumentation diagrams (P&ID). HAZOP studies. Procurement, including inspections such as factory and site acceptance tests (FAT/SAT), preparation of purchase orders and participation in contracting. Project coordination, including preparation of work orders. Create workflow processess related to quality assurance, documentation and operation.

**Qualifications**

M.Sc. degree in chemical engineering with specialisation in process engineering
A proven track record in professional engineering and experience in working in multidisciplinary projects.

Process engineer reports to Director of Engineering & Projects. Location is at the company´s HQ in Reykjavík together with location for shorter periods of time at the GO Plant in Svartsengi and abroad.

Carbon Recycling International (CRI) er íslenskt frumkvöðla-fyrirtæki með höfuðstöðvar í Reykjavík sem endurvinnur koltvísýring úr útblæstri iðn- eða orkuvera og umbreytir í endurnýjanlegt eldsneyti, metanól sem blanda má við bensín eða nota til framleiðslu á lífdísil og öðru bílaeldsneyti. Endurvinnsla koltvísýrings dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrirtækið rekur fyrstu verksmiðju sinnar tegundar í heiminum við hlið orkuversins við Svartsengi í Grindavík. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 30 manns.
Carbon Recycling International (CRI) captures CO2 from industrial emissions and converts to renewable methanol fuel to be blended into gasoline for unmodified vehicles. Capture of CO2 reduces emissions of greenhouse gases. The company is currently constructing the first factory of its kind in Svartsengi.

Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí nk. Vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá á netfangið work@cri.is og setjið starfsheiti sem sótt er um í titilinn. Frekari upplýsingar fást á vefsíðunni okkar: www.carbonrecycling.is Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Deadline for applications is July 6th. Please send an application and cover letter to work@cri.is with the job title in the subject line. Further information on our website www.carbonrecycling.is Applicants have to be available as soon as possible.




## Bílaleigur Avis og Budget leita að öflugum liðsmanni í tekjustýringu

**Helstu verkefni:**
- Tekjustýring markaða
- Samskipti við erlenda ferðaheildsala
- Greining/túlkun ásamt vinnu að líkönum varðandi framboð og eftirspurn
- Þróun aðgerða á sviði verðlagningar til að hámarka tekjur og nýtingu
- Mæling árangurs aðgerða

**Almennar hæfniskröfur:**
- Háskólagráða í verk-, hag-, eða viðskiptafræði
- Mjög góð reynsla af greiningar- og gagnagrunnsvinnu
- Mjög góð Excel kunnátta
- Mjög góð enskukunnátta
- Reynsla úr ferðamannaiðnaði er kostur

Við leitum að liðsmanni með framúrskarandi samskiptahæfileika og brennandi áhuga á að ná góðum árangri í starfi. Lögð er áhersla á gott skipulag ásamt vönduðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Avis, www.avis.is.**

**Umsóknarfrestur er til 7.júlí 2015. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

AVIS

Budget

Bílaleiga AVIS og Budget er ein stærsta bílaleiga í heimi og starfar í 180 löndum með yfir 5.000 leigustöðvar. Á Íslandi er AVIS og Budget ört vaxandi fyrirtæki með leigustöðvar um allt land og geta viðskiptavinir AVIS og Budget leigt bíla við öll tækifæri. Hjá AVIS og Budget starfar öflugur og reyndur hópur fólks sem vinnur ávallt með þjónustu og áreiðanleika að leiðarljósi. Leitast er við að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu en ánægja starfsfólks og viðskiptavina er lykilatriði í velgengni AVIS og Budget.

ráðum
atvinnustofa
Við finnum rétta starfsfólkið
radum.is



## Matreiðslunemar

Veitingahús Perlunnar leitar að hæfileikaríkum matreiðslunemum.

**Sendið umsóknir til perlan@perlan.is.**

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Óskað er eftir fólki í eftirfarandi störf á Klukkuvöllum:

Yfirþroskaþjálfi óskast til starfa sem fyrst í 60 - 75% stöðu. Hlutverk hans er m.a. að skipuleggja og hafa umsjón með faglegu starfi. Hann starfar náið með forstöðumanni og er staðgengill hans í lengri fríum.

Þroskaþjálfar, félagsliðar og stuðningsfulltrúar óskast til starfa frá 4. ágúst. Um er að ræða vaktavinnu daga, kvöld og helgar í fullu eða hlutastarfi auk næturvakta. Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í því að aðstoða íbúa í daglegu lífi og efla sjálfstæði þeirra.

Nánari upplýsingar veitir Ásta Hrönn Ingvarsdóttir forstöðumaður á virkum dögum í síma 4140500. Umsóknir sendist í gegnum heimasíðu félagsins: www.styrktarfelag.is
Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélags við SFR og ÞÍ.

Ás styrktarfélag er öflugt félag byggt á gömlum og traustum grunni. Á vegum félagsins er fólki með fötlun veitt fjölbreytt þjónusta. Mikill metnaður er lagður í gæði þjónustunnar og er hagur einstaklingsins ávalt hafður í fyrirrúmi.
Félagið opnar nýjan íbúðakjarna fyrir fólk með fötlun í ágúst næstkomandi á Klukkuvöllum í Hafnarfirði.
Sex íbúðir eru í húsinu auk starfsmannaaðstöðu.

FESTA

Festa lífeyrissjóður er tíundi stærsti lífeyrissjóður landsins með um 16.000 greiðandi sjóðfélaga og rúmlega 7.000 lífeyrisþega. Heildareignir sjóðsins nema um 105 milljörðum króna. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, aldurstengdri samtryggingardeild og séreignardeild. Hjá sjóðnum starfa 11 starfsmenn. Aðalskrifstofa sjóðsins er í Reykjanesbæ.

## Sjóðsstjóri

Festa lífeyrissjóður óskar eftir að ráða öflugan sjóðsstjóra sem mun starfa við hlið framkvæmdastjóra.

**Starfssvið**
- Eignastýring
- Greining og mat fjárfestingarkosta
- Skýrslugjöf og eftirfylgni fjárfestinga
- Þátttaka í gerð og mótun fjárfestingarstefnu
- Samskipti við aðila á fjármálamarkaði
- Samningagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf á sviði viðskipta-, hag- eða verkfræði eða í öðrum raungreinum
- Próf í verðbréfaviðskiptum skilyrði
- Starfsreynsla á verðbréfamarkaði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Agi og skipulag í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**Upplýsingar veita:**

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí nk.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

## Lagerstarfsmaður

Rótgróið iðnfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir lagerstarfsmanni. Bílpróf er æskilegt. Meirapróf er kostur en ekki nauðsynlegt.

Umsóknir vinsamlegast sendist á **box@frett.is** merkt ***Lagerstarfsmaður-2706***

---

GLEIPNIR
VERKTAKAR

## Vélamaður óskast

Óskum eftir vönum vélamanni í fullt starf.
Reynsla af hjólagröfum er skilyrði.

Umsóknir sendist á netfangið **elvar@gleipnir.is**

---

VEGAMÓT
KITCHEN | BAR

Vegna mikilla anna þá óskar Vegamót eftir að ráða vana pizza bakara og grillara í fulla vinnu og hluta starf. Skemmtilegur og fjölbreittur matseðill. Góð laun í boði fyrir duglegan starfskraft.

**Umsókn sendist á vegamot@vegamot.is**

---

# Borgarbyggð auglýsir eftir öflugum leiðtoga

## Sviðsstjóri fjölskyldusviðs

Við leitum að öflugum leiðtoga í stöðu sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með fræðslumálum, félagsþjónustu og íþrótta- og tómstundamálum.

### Verkefni og ábyrgðarsvið:

- Yfirumsjón með gerð fjárhags- og starfsáætlana fyrir sviðið og stofnanir þess
- Yfirstjórn stofnana sem heyra undir sviðið
- Vinnur að stefnumótun og mannauðsmálum fyrir sviðið og stofnanir þess
- Eftirlit með framkvæmd samninga, laga og reglugerða sem í gildi eru og heyra undir sviðið

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði fræðslumála og stjórnunar
- Viðbótarmenntun á sviði stjórnunar menntastofnana og/eða stjórnsýslu
- Menntun á sviði mannauðsmála æskileg
- Reynsla af stjórnun og mannauðsmálum
- Reynsla af faglegri forystu og þróunarstarfi í skólum
- Reynsla af áætlanagerð og opinberri stjórnsýslu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í framsetningu á efni í ræðu og riti

### Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí nk.**

Með umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

Grunnskólinn í Borgarnesi er skóli með um 300 nemendur í 1.–10. bekk og um 70 starfsmenn. Starfsemi skólans skal einkennast af fjölbreytni, sveigjanleika og víðsýni, þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda. Gildi skólans eru **sjálfstæði – ábyrgð – virðing og samhugur.**

Frekari upplýsingar má sjá á heimasíðu skólans **www.grunnborg.is**

# Skólastjóri Grunnskólans í Borgarnesi

Staða skólastjóra við Grunnskólann í Borgarnesi er laus til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á árangur og vellíðan nemenda í góðu samstarfi við starfsmenn.

### Starfssvið

Skólastjóri ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun og framgang faglegrar stefnu.

### Menntunarkröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða reynsla af kennslu og stjórnun á grunnskólastigi
- Menntun á sviði rekstrar er æskileg

### Hæfniskröfur

- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og rekstrar er æskileg
- Vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Frumkvæði og samstarfsvilji
- Góðir skipulagshæfileikar
- Færni í starfsmannastjórnun
- Lipurð og færni í samskiptum
- Sveigjanleiki og víðsýni
- Vammleysi

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra.

### Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2015.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launanefndar sveitarfélaga.

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí nk.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

**FINNSKA BÚÐIN leitar að starfsfólki í hlutastörf í verslanir okkar á Laugavegi & Kringlunni**





## VIÐ LEITUM AÐ FÓLKI SEM:

FINNSKA BÚÐIN

- ★ er jákvætt, duglegt, skapandi og með mikla þjónustulund
- ★ getur unnið um helgar og á kvöldin
- ★ hefur reynslu af verslunarstörfum
- ★ getur unnið sjálfstætt
- ★ hefur áhuga á fatahönnun og fallegum gjafavörum
- ★ býr að góðri íslensku- og enskukunnáttu

➧ Umsóknir og ferilskrá skal senda á: **info@finnskabudin.is**



**FINNSKA BÚÐIN**
Laugavegi 27 og Kringlunni (opnar í ágúst)

## Grunnskóli Borgarfjarðar auglýsir eftir stærðfræðikennara

Við Kleppjárnsreykjadeild Grunnskóla Borgarfjarðar vantar stærðfræðikennara til starfa næsta skólaár. Viðkomandi þarf einnig að geta tekið umsjón á miðstigi. Reynsla af teymiskennslu væri kostur.

Mikilvægt er að umsækjandi hafi gaman að því að starfa með börnum og ungmennum og sé tilbúinn að vinna eftir stefnu og gildum skólans. **Sjá heimasíðu http://www.gbf.is/**

Laun samkvæmt kjarasamningi LS og viðkomandi stéttafélags.

Umsóknum skal skilað skriflega til skólastjóra með upplýsingum um menntun, réttindi og starfsreynslu, ásamt ábendingu um meðmælendur.

**Umsóknarfrestur er til 15.júlí 2015**

**Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir skólastjóri í síma 847-9262/433-7302 netfang; ingibjorg.inga@gbf.is**

ÍSAM

## Við leitum að starfsfólki.
## Sölufulltrúi

### SÖLUFULLTRÚI

**ÍSAM óskar að ráða sölufulltrúa í matvörudeild fyrirtækisins.**
Viðkomandi mun sinna sölu á matvörum til verslana og annarra viðskiptavina.
Um er að ræða tímabundna ráðningu til maí 2016.

**Starfssvið**
- Sala á vörum matvörudeildar
- Uppröðun í verslanir

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sölustörfum er skilyrði
- Almenn þekking og reynsla af heildsölumarkaði
- Góðir sölu- og samskiptahæfileikar
- Metnaður, stundvísi og skipulagshæfileikar
- Góð almenn tölvukunnátta
- Jákvæðni og kraftur

Viðkomandi þarf að hafa gilt bílpróf og geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir skulu sendar á tölvupóstfangið helga@isam.is fyrir 3. júlí 2015**

**ÍSAM**

ÍSAM er eitt stærsta og öflugasta markaðs- og framleiðslufyrirtæki landsins á neytendamarkaði. ÍSAM á og rekur vörumerkin Mylluna, Ora, Frón og Kexsmiðjuna, auk þess sem fyrirtækið hefur umboð fyrir heimsþekkt vörumerki eins og Pampers, Ariel, Always, Gillette, Duracell, Head & Shoulders, BKI, Campbell's, Finn Crisp, Puratos, AVO, Jadico, Belcolade, Ping ofl. Hjá ÍSAM starfa yfir 350 manns.

## Súðavíkurskóli
## Laus störf næsta skólaár

Súðavíkurskóli er samrekinn grunn-, leik-, og tónlistarskóli með u.þ.b. 40 nemendur, þar sem unnið er eftir Uppyggingarstefnunni og starfið hverfist um einkunnarorðin;
**Vellíðan - Virðing – Framfarir – Heiðarleiki**

**Hæfniskröfur:**
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Reynsla af sambærulegum störfum.

**Grunnskólakennari - 60-80% staða.**
- reynsla af sérkennslu og/eða starfi með börnum með sérþarfir er kostur.
- reynsla af dankskennslu og/eða menntun á sviðinu er kostur.

**Leikskólakennarar - tvær 100% stöður.**

**Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí.**

Allar nánari upplýsingar veitir Anna Lind Ragnarsdóttir annalind@sudavik.is 893-4985.

Umsóknir, ásamt ferilskrá, meðmælum og umsagnaraðilum sendist á Pétur G. Markan sveitarstjóra Súðavíkurhrepps petur@sudavik.is.

**Hjartarannsóknarstofa**

LANDSPÍTALI

## LÍFEINDAFRÆÐINGUR

*Við leitum eftir lífeindafræðingi til starfa á hjartarannsóknarstofu við Hringbraut, frá 1. ágúst 2015 eða eftir samkomulagi. Starfið felur í sér framkvæmd áreynsluprófa, úrlestur hjartarita, gangráðseftirlit, úrvinnslu gagna í samráði við hjartalækna og ýmis önnur verkefni. Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi, unnið í dagvinnu og á bakvöktum. Til greina kemur að vinna að mastersverkefni sem tengist starfinu.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Vinna við framkvæmd áreynsluprófa, úrlestur sólarhringshjartarita og gangráðseftirlit
- Verkefni á hjartaþræðingarstofu, t.d. aðstoð við gangráðsísetningar, ýmsar raflífeðlisfræðilegar aðgerðir og kransæðavíkkanir
- Úrvinnsla og túlkun niðurstaðna í samvinnu við hjartalækna
- Þátttaka í öðrum verkefnum á hjartarannsóknarstofu eftir nánari ákvörðun stjórnanda

**Hæfnikröfur**
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Íslenskt starfsleyfi sem lífeindafræðingur

**Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí 2015.**

Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið á www.landspitali.is, undir „Laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.

Nánari upplýsingar veita Davíð Ottó Arnar (davidar@landspitali.is) og Jóhanna S Gunnlaugsdóttir (johsgunn@landspitali.is, 543 6158).

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

**DOMUSNOVA Fasteignasala**
Nýbýlavegur 8. 2.hæð 200 Kópavogur eignir@domusnova.is S 527 1717

## Við leitum að lykil manni / konu !

DOMUSNOVA

Leitar eftir öflugum löggiltum fasteignasala með reynslu í faginu til að taka þátt í örum vexti fasteignasölunnar. Viðkomandi þarf m.a. að búa yfir samskiptahæfni, mikilli skipulagsgreind og frumkvæði.

**Góð launakjör í boði fyrir réttan aðila !**

**Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á domusnova@domusnova.is**

**www.domusnova.is**

**www.vinna.is**

vinna.is sími: 511 1144

## RAFVIRKJAR/KÆLIMENN

**Óskum eftir að ráða rafvirkja/kælimann til viðhalds- og eftirlitsstarfa**

**Ekki er krafist sérhæfni, en nýr starfsmaður verður sérþjálfaður.**

**Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna í síma 587-8890 eða sendið rafpóst á gunnar@rafstjorn.is**

RAFSTJÓRN ehf.
*Virkni loftræstikerfa er okkar fag*

www.rafstjorn.is

---

BYGG

**Óskum eftir að ráða vanan gröfumann með meirapróf.**
Framtíðarstörf í boði.
Upplýsingar veitir Guðjón í síma 617-3000

**Óskum einnig eftir vana menn í garðyrkju- og hellulagningavinnu.**
Framtíðarstörf í boði.
Upplýsingar veitir Jón Hákon í síma 693-7319

---

## FASTEIGNASALA SKJALAGERÐ

**65% starfshlutfall frá kl. 9-15**

Í starfinu felst m.a. aðstoð við uppsetningu kaupsamninga og afsala, samskipti við lánastofnanir, þinglýsingar og gerð uppgjöra. Skilyrði er að viðkomandi hafi góða Excelkunnáttu, sé talnaglögg/ur, hafi gott vald á íslenskri tungu og sé skiplögð/lagður.
**Menntunarkröfur:**
Viðskiptafræðingur, lögfræðingur eða löggiltur fasteignasali.

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. september 2015. Umsóknir sendist á landmark@landmark.is**

**Nánari upplýsingar veita Magnús og Sigurður í síma 512 4900**

LANDMARK

---

**Sparisjóður Höfðhverfinga á Akureyri leitar að starfsfólki**

## Gjaldkeri

**Helstu verkefni:**
- Gjaldkerastörf og uppgjör sjóða
- Veita viðskiptavinum góða þjónustu
- Umsjón með hraðbanka á Akureyri
- Aðstoða við bakvinnsluverkefni

**Hæfniskröfur**
- Stúdentspróf eða reynsla af sambærilegu starfi
- Þjónustulipurð og frumkvæði
- Nákvæmni og talnaskilningur
- Geta til að vinna undir álagi

## Þjónustufulltrúi einstaklinga og smærri fyrirtækja

**Helstu verkefni:**
- Veita viðskiptavinum ráðgjöf vegna lántöku, sparnaðar og annarrar þjónustu
- Mat á lánsbeiðnum
- Skráning og frágangur skjala í tengslum við útlán og veitta þjónustu
- Áætlanagerð og eftirfylgni þjónustuþátta
- Aðstoða annað starfsfólk sparisjóðsins og leysa af eftir þörfum

**Hæfniskröfur**
- Próf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Jákvætt viðmót og hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí 2015.**

**Nánari upplýsingar:** Jón Ingvi Árnason, sparisjóðsstjóri, 460 9414, joningvi@spsh.is
Umsóknir ásamt ítarlegri ferilskrá óskast sendar til joningvi@spsh.is.

Sparisjóðurinn er þjónustufyrirtæki á fjármálasviði og veitir alla almenna banka- og fjármálaþjónustu. Sparisjóður Höfðhverfinga hefur afgreiðslur á Akureyri og Grenivík.

SPARISJÓÐUR Höfðhverfinga STOFNAÐUR 1879

Sparisjóður Höfðhverfinga | Akureyri og Grenivík | Sími 460 9400 | spsh@spsh.is | www.spsh.is

---

# Bílstjóri óskast í fullt starf

## Gluggasmiðjan sækist eftir því að bæta bílstjóra við í góðan hóp starfsmanna fyrirtækisins

Óskað er eftir bílstjóra í fullt starf.
Umsækjandi þarf að hafa leyfi til að aka vörubíl undir 5 tonnum og að vera drífandi og þjónustulundaður.

**Nánari upplýsingar veittar í netpósti gunnar@gluggasmidjan.is**

Gluggasmiðjan
Viðarhöfða 3 • 577 5050 • gluggasmidjan.is

*Gluggasmiðjan ehf. er rótgróið fjölskylufyrirtæki, stofnað 1947 og sérhæfir sig í að framleiða glugga og hurðir sem þola íslenska veðráttu.*

---

# Framtíðarstarf á Akureyri

*- traustur vinnuveitandi og frábær starfsaðstaða.*

**Höldur ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í varahlutaverslun til starfa á nýju og glæsilegu bílaverkstæði að Þórsstíg 4 á Akureyri. Á verkstæðinu er tækjakostur og aðbúnaður allur í fremstu röð. Við viljum bæta lífsglöðum og þjónustuliprum einstaklingi við okkar frábæra hóp.**

**Starfssvið:**
*Móttaka viðskiptavina, sala varahluta og símsvörun.*

**Hæfniskröfur:**
*Próf í bifvélavirkjun kostur, hæfni í mannlegum samskiptum, rík þjónustulund og góð almenn tölvukunnátta.*

Upplýsingar um starfið veitir Ari Þór Jónsson - þjónustustjóri. í síma 840-6060 eða arij@holdur.is

*Umsóknarfrestur er til 7. júlí 2015*

Hægt er að sækja um starfið á slóðinni:
www.holdur.is/verk/storf
Einnig er hægt að skila umsóknum til Hölds, Tryggvabraut 12, 600 Akureyri merkt:

*"Starfsumsókn verkstæði Þórsstíg".*

Höldur

Höldur ehf var stofnað árið 1974. Hjá fyrirtækinu starfa um 200 manns víða um land. Bílaverkstæði Hölds er þjónustuaðili fyrir Heklu, Bernhard , Öskju og Brimborg og annast auk þess viðgerðir á öllum tegundum bíla.

Höldur ehf · Tryggvabraut 12 · Sími 461-6000 · holdur@holdur.is · www.holdur.is

---




## Fjeldsted & Blöndal lögmannsstofa óskar eftir löglærðum fulltrúa sem getur hafið störf sem fyrst

Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilskrá ásamt einkunnum úr grunn- og meistaranámi til Heiðrúnar Jónsdóttur, hdl., (heidrun@fjeldco.is) fyrir þann 7. ágúst n.k.

Fjeldsted & Blöndal byggir á traustum grunni en skrifstofan rekur rætur sínar til ársins 1909 sem gerir hana að einni elstu starfandi lögmannsstofu landsins. Á þeim rúmu 100 árum sem stofan hefur starfað hefur verið lagður grunnur að áframhaldandi veitingu gæða-þjónustu til framtíðar.

Fjeldsted & Blöndal veitir fjölbreytta lögmannsþjónustu sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna af lögfræði-störfum bæði á Íslandi og í öðrum löndum. Þjónustan er fyrst og fremst sniðin að þörfum fyrirtækja og stofnana.

Starfsmenn skrifstofunnar hafa einnig reynslu og þekkingu sem kennarar og fræðimenn á háskólastigi og sem innanhússlögfræðingar hjá alþjóðlegum fyrirtækjum.

**Hæfniskröfur:**
- Lokið meistaranámi
- Fyrsta einkunn úr grunn- og meistaranámi æskileg
- Lögmannsréttindi æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku
- Vinnur vel undir álagi
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í rannsóknarvinnu og lögfræðilegri greiningu
- Reynsla af vörumerkjarétti æskileg

FJELDSTED & BLÖNDAL
*Legal Services since 1909*

Ármúla 17, 108 Reykjavík , www.fjeldco.is

## Skaftárhreppur

### Staða íþróttakennara við Kirkjubæjarskóla

Okkur í Kirkjubæjarskóla vantar íþróttakennara næsta vetur.
Um er að ræða íþrótta- og sundkennslu í 1. – 10. bekk.
Við leitum að hugmyndaríkum, metnaðarfullum og duglandi íþróttakennara sem tilbúinn er að takast á við ný og fjölbreytt verkefni.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí og umsóknir sendist á skolastjori@klaustur.is**

Nánari upplýsingar gefur Kjartan Kjartansson
í sími 487 4633/864 0300,

**http://www.kbs.is/**
**http://www.klaustur.is**

*Á Kirkjubæjarklaustri er gott mannlíf, þar búa um 130 manns en íbúar Skaftárhrepps eru um 450 talsins. Á Kirkjubæjarklaustri er að finna alla nauðsynlega þjónustu s.s. verslun, banka, heilsugæslustöð, leikskóla, kaffihús og íþróttamiðstöð. Í íþróttamiðstöðinni er að finna glæsilegt íþróttahús, sundlaug og tækjasal.*

---

ÁLFTANESSKÓLI – allir eru einstakir
Garðabær

## „hóar þar smali og rekur á ból"

Óskum að ráða grunnskólakennara í umsjónarkennslu í 3. bekk fyrir næsta skólaár í 80-100 % starf

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri í síma 8215-007 og einnig má senda fyrirspurnir á
netfangið **markus@alftanesskoli.is** og
Erna I. Pálsdóttir aðstoðarskólastjóri
í símum 540470, 8215-009 og á
netfang: **erna.palsdottir@alftanesskoli.is**.

Sjá nánar á vef **www.gardabaer.is** og **www.alftanesskoli.is**

**Umsóknarfrestur er til 10. júlí 2015.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á heimasíðu Garðabæjar með því að fylla út atvinnuumsókn.

Skólastjóri

---

## Sundlaugarvörður

Sundlaug Seltjarnarness óskar eftir að ráða sundlaugarvörð til starfa.

Í starfinu felst m.a. sundlaugarvarsla, gæsla búningsklefa karla, þrif og þjónusta við sundlaugargesti á öllum aldri.

Umsækjandi þarf að hafa náð 20 ára aldri og vel á sig kominn líkamlega, þjónustulundaður, góður í samskiptum við alla aldurshópa, þrifinn, tala mjög góða íslensku og síðast en ekki síst heilsuhraustur.

**Ath. að viðkomandi þarf að standast sundpróf fyrir sundlaugarverði.**

Um er að ræða vaktavinnu og framtíðarstarf.

*Umsóknir og fyrirspurnir skulu berast á tölvupóstfangið **haukur@seltjarnarnes.is** fyrir 1. ágúst 2015.*

**Íþrótta- og tómstundasvið Seltjarnarnesbæjar**

---

# Skólaliði óskast
## við Tækniskólann

Starfssvið skólaliða er dagleg umsjón með húsnæði skólans auk þjónustu við nemendur og starfsfólk. Fjölbreytt starf sem hentar báðum kynjum þar sem margþætt reynsla nýtist vel. Góðir samskiptahæfileikar, jákvæðni og rík þjónustulund mikilvæg.

Áhugasamir sendi inn umsókn ásamt ferilskrá á *gsi@tskoli.is* merkt „Skólaliði" fyrir 1. ágúst 2015.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

---

# Tæknileg aðstoð hjá 1984 ehf.

**1984 ehf vill ráða starfsmann í tæknilega aðstoð. Starfið felst í einföldum kerfisstjórnarverkefnum og þjónustu við viðskiptavini í síma og tölvupósti.**

***1984 er stærsti vefhýsill á Íslandi. Við þjónum um 15% af íslenska markaðinum og tökum skyldur okkar mjög alvarlega. Við leggjum áherslu á að þjóna viðskiptavinum okkar dyggilega og af kurteisi, fagmennsku og algerum trúnaði.***

Umsækjandi þarft að vera mjög öguð persóna, lipur í samskiptum, tala mjög góða íslensku og hafa gott vald á ritaðri og talaðri ensku. Nauðsynlegt er að umsækjandi kunni á skipanalínuumhverfi í GNU/Linux og hafi almennan áhuga á upplýsingatækni og tölvum.

**Umsóknarfrestur** er til mánudagsins 6. júlí, 2015.
Umsóknir sendist með tölvupósti á **atvinna@1984.is**

1984
– stóri bróðir hefur gætur á þér

---

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

**Húsasafn Þjóðminjasafns Íslands auglýsir eftir**

## Verkefnisstjóra

